



Vorþing DKG á Íslandi var haldið föstudaginn 28. apríl 2012. Dr. Jensi P. Souders alheimsforseti samtakanna var heiðursgestur þingsins. Af því tilefni birtist eftirfarandi viðtal í Morgunblaðinu 27. apríl síðastliðinn:

„Delta kappa gamma eru alþjóðasamtök kvenna í fræðslustörfum. Alheimsforseti samtakanna, dr. Jensi P. Souders, er stödd hér á landi vegna Vorþings Delta kappa gamma (DKG) á Íslandi. Souders segir að samtökin starfi í sautján löndum og meðlimir séu um hundrað þúsund.

„Samtökin voru stofnuð í Austin í Texas árið 1929 af tólf konum sem voru flestar háskólamenntaðar. Markmið þeirra var að bæta stöðu kvenna í fræðslustörfum. Þótt ótrúlegt megir virðast erum við enn að þerjast fyrir sumum sömu málefnum og samtökin voru stofnuð vegna fyrir rúmum áttatíu árum.

Á ákveðnum svæðum í Bandaríkjunum og í öðrum löndum DKG er enn mikið bil á milli menntaðra kvenna og karla,“ segir Souders.

Styðja við unga kennara

„Samtökin voru stofnuð á þeim tíma þegar kvenkyns kennarar þurftu að hætta að kenna þegar þær giftust. Þegar ég byrjaði að kenna 1969 þurftu konur að hætta að kenna ef þær urðu þungaðar. Okkur miðaði ekki hratt áfram á fjörutíu árum. Núna, með alheimsefnahagskreppunni, er dregið mikið úr fjármagni til kennslu og því er eitt af markmiðum okkar að styðja við unga kennara. 70 af hundraði eru hættir að kenna eftir fimm ár því þeir fá betri vinnu utan kennslunnar. Við erum að missa besta fólkið úr kennslunni og því er DKG að aðstoða það við að vera í faginu og komast í gegnum þessi fyrstu ár í kennslunni. Við getum ekki hækkað launin en við styðjum þá í kennslustofunni og hjálpum þeim að vera jákvæðir gagnvart starfinu. Kennsla er lágt launuð og því fylgir mikið stress, sérstaklega eftir að ábyrgð foreldra og heimilis hefur færst meira og meira yfir á skólana.“

Souders segir að fyrir utan þetta starf veiti DKG skólstyrki og styrki til útskriftarverkefna. „Við erum líka hluti af átaki UNICEF í Afríku við að byggja upp skóla þar og sjá til þess að stelpur geti gengið í skóla til jafns við stráka. Hvert land í samtökunum er svo að vinna að verkefnum til að efla menntun í sínu heimalandi.“ Souders segist gera sér grein fyrir því að staða kvenna á Íslandi sé betri en í flestum öðrum löndum DKG en víðast hvar sé langt í land að konur nái sömu stöðu og karlar innan menntakerfisins. Tengslanet Delta kappa gamma – kvenna í heiminum er mjög sterkt að sögn Souders, þær eigi það allar sameiginlegt að vilja bæta stöðu kvenna í fræðslustörfum í heiminum og efla menntun fyrir alla“.